

## Reglur um starfsskýrsluskil aðildarfélaga ÍBH

1. Hvert aðildarfélag og íþróttadeildir þess halda aðalfundi, leggja þar fram skýrslur og ársreikninga og bera upp við félagsmenn eins og lög þess gera ráð fyrir og staðfest hafa verið af ÍBH og ÍSÍ. Senda skal tilkynningu um aðalfundinn til skrifstofu ÍBH með aðalfundarboðinu.
2. Í samræmi við 19. grein og 5. grein laga ÍBH ber aðildarfélögum að halda aðalfund, skila starfsskýrslum og endurskoðuðum ársreikningum fyrir 15. apríl ár hvert til skrifstofu ÍBH. Jafnframt þurfa aðildarfélögin að skila eintaki til skrifstofu íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. A.m.k. 30 dögum fyrr sendir ÍBH áminningu til aðildarfélaga um skil á skýrslum.
3. Í samræmi við 8. grein laga ÍSÍ ber aðildarfélögum að skila starfsskýrslu síðasta árs í tölvuskrá samkvæmt forriti (nú FELIX) sem ÍSÍ leggur til ásamt félaga- og iðkendatali síðasta árs fyrir 15. apríl ár hvert.
4. Aðildarfélög geta sótt um stuttan frest nái þau ekki að skila skýrslum í tækatíð. Sækja þarf um frest bæði hjá ÍSÍ og ÍBH vegna skila í tölvuskrá samkvæmt forriti (nú FELIX) til ÍSÍ. Sækja þarf um skilafrest á starfsskýrslum af aðalfundi til ÍBH. ÍBH getur veitt 2 vikna frest á skilum starfsskýrslna af aðalfundi. Hafi íþróttafélag eða íþróttadeild ekki sinnt skilum fyrir þann tíma, ritar skrifstofa ÍBH viðkomandi íþróttafélagi eða íþróttadeild bréf og gefur 30 daga lokaskilafrest á starfsskýrslu aðalfundar. Ef íþróttafélag eða íþróttadeild eru ennþá í vanskilum tekur 5. liður þessara reglna við, vanefndir á skilum.
5. Vanefndir á skilum:
  - a. Í samræmi við 8. grein laga ÍSÍ hefur ÍSÍ heimild til að útiloka íþróttafélag eða íþróttadeild félags frá íþróttamótum og þátttöku á íþróttþingi.
  - b. Í samræmi við 5. grein laga ÍBH missir aðildarfélag rétt til atkvæða á næsta ÍBH þingi. Að auki, heldur ÍBH eftir öllum styrkjum og framlögum sem greiddast skulu í gegnum ÍBH til viðkomandi aðildarfélags og/eða þeirrar íþróttadeildar er vanefndin nær til.
  - c. Hafi aðildarfélag og/eða íþróttadeild félagsins enn ekki skilað skýrslum 31. ágúst sama ár, heldur ÍBH varanlega eftir 50% af styrkjum viðkomandi aðildarfélags og/eða íþróttadeildar frá og með 1. maí og endurúthlutar til þeirra aðildarfélaga sem þá eru í skilum. Gildir þessi grein fyrir hvern þann mánuð þar á eftir er skýrslum er ekki skilað.
  - d. Líði annað ár án þess að skýrslum sé skilað getur þing ÍBH tekið ákvörðun um, hvort félaginu skuli vikið úr ÍBH. Komi til þessa þá endurúthlutar ÍBH öllum styrkjum sem það hefur haldið eftir hjá viðkomandi félagi til þeirra aðildarfélaga sem þá eru í skilum.
6. Við endanleg skil á starfsskýrslum fær aðildarfélag og íþróttadeild (-ir) þess greidda þá fjármuni sem haldið hefur verið eftir, sbr. 5. lið. Skil hvenær sem er í viðkomandi mánuði telst skil í viðkomandi mánuði og er styrkjum skilað miðað við allan mánuðinn.
7. Reglur þessar öðlast gildi um leið og stjórn ÍBH hefur samþykkt þær og koma í stað eldri reglna um sama efni.

Samþykkt af stjórn ÍBH 16. apríl 2012